

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 153/2000.

M

og

Vátryggingafélagið X vegna ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Vinnuslys 16.12.1997.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23.05.2000.
2. Tjónstilkynningar til X, Vinnueftirlits ríkisins og Tryggingastofnunar ríkisins.
3. Lögregluskýrslur dags. 16.12.1997, 12.01.1998 og 15.01.1998.
4. Skýrsla Vinnueftirlits ríkisins dags. 16.12.1997.
5. Bréf X til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna og úrskurðarnefndar.
6. Umboð M til síns lögmanns dags. 31.01.2000.
7. Bréf X til lögmannsstofu.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 511/2000.

Málsatvik.

M slasaðist þann 16.12.1997 við vinnu sína á vegum verktakafyrirtækis við Skautahöllina í Laugardal. Slysið átti sér stað þegar verið var að hífa einangrunarplötur í þak nýbyggingarinnar með krana af gerðinni Link Belt. Plöturnar voru festar í þar til gerðan klafa, sem festur var í krók kranavírsins með 16 mm. nylontógi. Plöturnar eru 240x60 cm og 15 cm á þykkt og vega 70 kg. Þegar einni plötunni hafði verið lyft í u.þ.b. tveggja metra hæð losnaði festingarhnútur nylontógsins á klafanum og féll platan niður og á M sem var við vinnu sína. Í gögnum málsins kemur fram að ekki er vitað hver batt hnút þann sem gaf sig.

M kveðst hafa verið að vinna við að bora og húkka í einangrunarplötur sem fara áttu á þak byggingarinnar. Hann kveðst hafa verið kominn undir plötuna sem verið var að hífa heldur fljótt til þess að bora næstu plötu og það hafi verið skýringin á því að hann hafi orðið undir plötunni. M telur kranamanninn hafa verið heldur seinan til að hífa plötuna sem hafi átt þátt í því hvað hann var kominn fljótt undir plötuna.

Vitnið C sem var við vinnu á krananum í umrætt sinn segist hafa verið búinn að biðja starfsmenn um að fara ekki undir plöturnar á meðan verið væri að hífa þær upp. Verkstjórinn D á staðnum kveður það hafa verið reglu að brýna það fyrir starfsmönnum að standa ekki undir hlutum sem verið væri að hífa upp.

Að álit Vinnueftirlits ríkisins voru ástæður slyssins einkum þær tvær að ásláttarbúnaður hafi verið ófullnægjandi og að unnið hafi verið undir byrði sem verið var að hífa.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að ásláttarbúnaði sem notaður var við að hífa upp einangrunarplöturnar í umrætt sinn var verulega ábótavant og telst það vera höfuðorsök slyssins. Vinnuveitandi tjónþola ber bótaskyldu vegna þessa. Tjónþola mátti hins vegar vera ljós sú hætta sem af því gat stafað að hefja vinnu undir þeirri plötu sem verið var að hífa upp með krana, og verður ekki séð að nauðsyn hafi borið til þess. Tjónþoli verður því að bera ¼ hluta tjónsins sjálfur vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Tjón M vegna vinnuslyss þann 16.12.1997 er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu að $\frac{3}{4}$ hlutum, en $\frac{1}{4}$ hluta tjónsins ber M sjálfur vegna eigin sakar.

Reykjavík, 11. júlí 2000.

Rúrik Vatnarsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.